

## Landsfundar Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaða haldin þann 11. september 2021 haldinn á Hótel Natura

Bergur Þorri Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaða setti fundinn klukkan 9:48.

Hann ræddi um Covid-19 heimsfaraldurinn og áhrif hans á starfssemi landssambandsins.

Sagði frá því frá því helsta á síðasta starfsári.

- Uppbyggingaráform Sjálfsbjargar
- Kosningar sem eru framundan og mikilvægi þess að mæta á kjörstað
- Verkefnið „Römpum upp RVK“ sem gefist hefur afar vel
- Framtíðarþingið sem tókst vel til í alla staði
- Þakkaði Þórdísi Rún fyrir samstarfið meðan hún gegndi starfi framkvæmdastjóra lsh
- Auk þess að fagna ráðningu Óskar Sigurðardóttur í starf framkvæmdastjóra

Að lokum þakkaði Bergur, Jóni Heiðari fráfarandi varaformanni fyrir hans óeigingjarna starf.

### **Skipan fundarstjóra og fundarritara**

Bergur Þorri Benjamínsson lagði til að Sigurjón Þórðarson yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Lagt var til að Berglind J. Richardsdóttir fjármálafulltrúi lsh yrði fundarritari og var það samþykkt.

### **Kjörbréf kynnt**

Fundarstjóri fékk staðfest frá formanni að kjörbréf hafi borist með löglegum hætti og las hann upp alla en athugasemd barst frá Guðríði Ólafs- Ólavíudóttur en hún var ekki lesinn upp. Framkvæmdastjóra barst kjörbréf fyrir Guðríði og var hún sannarlega réttkjörinn fulltrúi á landsfundi 2021.

### **Dagskrá**

Sævar Guðjónsson bað um að bætt yrði við fundarlið Fundargerð landsfundar árs 2020. Sævar vill meina að fundargerð síðasta fundar væri röng og vildi taka það upp nú, en ekki undir önnur mál. Hann vitnaði í fundarsköp og sagði að það væri rangt að byrja á fundi 2021 áður en að fundargerð 2020 hefur verið lesin og samþykkt.

Formaður benti á að tillaga Þorkels Sigurlaugssonar sem kom eftir að Landsfundi 2020 var slitið hafi verið sett inn á vefsíðu samtakanna þar sem önnur fundargögn voru vistuð og aðgengileg fyrir alla.

Fundarstjóri spurði hvað vantaði í síðustu fundargerð. Sævar svaraði því að Þorsteinn F. Sigurðsson hafi verið starfsmaður Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra árið 2019 og þakkað honum fyrir vel unnin störf en það var ekki ritað í fundargerðina og er það nú hér með bókað.

Fundarstjóri lagði til að þetta væri bókað í fundargerð Landsfundar 2021 að Þorsteini yrði þakkað fyrir vel unnin störf með lófataki. Var það samþykkt með lófataki.

Fundarstjóri lagði fram dagskrá til samþykktar og var hún samþykkt.

Inntaka nýrra aðildarfélaga – engar umsóknir bárust.

Inntaka nýrra félagsmanna með einstaklingsaðild – engar umsóknir bárus.

## Skýrsla og ársreikningar

### 1. Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd – gögn lögð fram og fjallað um stuttlega. Formaður fór yfir skýrslu stjórnar í tímaröð.

Berglind hóf störf sem fjármálafulltrúi í byrjun árs og Tryggvi Friðjónsson lét af störfum í lok janúar eftir að komið við sem framkvæmdastjóri landshreyfingarinnar þrisvar. Formaður ræddi lítillega um málaferli Brynju - leigufélag. Komið var inn á undirskrift að hækkuðum bifreiðakaupastyrk sem félagsmálaráðherra skrifaði undir í viðurvist formanns. Allir hjóla og Sjálfsbjörg tóku höndum saman með útleigu á hjólum fyrir hreyfihamlaða einstaklinga. Sjóbaðsmálið var til lykta leitt. Um haustið lét Þórdís af störfum fyrir Lsh og tók Ósk við sem framkvæmdastjóri. Í lok árs voru svo haldin aðgengisfulltrúanámskeið. Spurt var út í lægri bifreiðakaupastyrki og hvort þeir hefðu hækkað líka en svo var ekki.

### 2. Endurskoðaður ársreikningur Sjálfsbjargar fyrir síðasta ár kynntur, ræddur og afgreiddur. Ljósbrá Baldursdóttir hjá PwC kom og kynnti ársreikninginn. Athugasemd kom fram vegna Hjálparliðasjóð en það vantaði minnisblað PwC átti að útbúa vegna ársins 2019, það verður útbúið og sent á alla. Ársreikningur var samþykktur með fyrirvara um breytingu á orðalagi á bls. 12 liður 13 þar sem stendur skuld við Lsh en á að standa krafa á tengda aðila.

### 3. Skýrslur aðildarfélaga voru ekki sérstaklega kynntar. Engar athugasemdir komu fram.

## Skýrsla og ársreikningur Sjálfsbjargarheimilisins (SBH) fyrir síðasta ár kynnt.

### Þórdís Rún Þórisdóttir framkvæmdastjóri kynnti ársskýrslu og ársreikning Sjálfsbjargarheimilisins (SBH) fyrir árið 2020

Covid-19 heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi ársins en ekkert smit kom upp innan SBH á árinu. Veikindadögum starfsmanna hefur fækkað um þriðjung og tengja má fækkun veikindadaga við styttingu vinnuvikunnar en það tilraunaverkefni hófst á árinu 2019 og var áframhaldið á árinu 2020. Veikindadögum hefur fækkað úr 3.000 dögum í 2.000 á þessu tímabili. Facebook síða starfsfólks hefur reynst vel og verið mikilvæg í að miðla upplýsingum til starfsmanna. Starfsmenn tóku m.a. þátt í Lífshlaupinu og SBH var hástökkvari ársins í könnun um Stofnun ársins 2020. Lítið var hægt að gera fyrir starfsmenn vegna Covid og felld

var niður ársátíð og vorferð starfsmannafélagsins. Þrátt fyrir miklar takmarkanir var vel utan um íbúa og voru ýmsir viðburðir skipulagðir fyrir þá þar sem heimsóknarban var á hluta ársins. Töluvert var málað og endurnýjað í Þjónustumiðstöð og í sameiginlegum rýmum íbúa. Reykherbergi á 5. hæð var lokað. Á megin parti ársins var starfseminni skipt upp í sóttvarnarhólf og krafðist þetta mikillar skipulagningar. Þrátt fyrir annmarka vegna Covid leið fólki vel og starfsemin gekk sinn vanagang. Rekstarniðurstaða ársins var jákvæð og greitt var inn á lán sem var tekið á sínum tíma vegna lífeyrisskuldbindinga. Fyrirspurn kom um vexti lánsins en þeir eru verðtryggðir. Ef rekstur næsta árs er jákvæður verður aftur greitt inn á þessi lán.

**Framtíðaráætlun Sjálfsbjargarheimilisins** - Framkvæmdastjóri SBH kynnti framtíðaráætlun. Verið er að loka hjúkrunargangi á 5. hæð þar sem sú búseta þykir ekki boðleg í nútíma samfélagi. Verið er að færa áherslur meira í átt að endurhæfingu enda er starfsemi SBH skilgreind sem slík. Stefnt sé að því að búseta verði að hámarki til tveggja ára og að þeir sem eru í búsetu séu í endurhæfingu. Búið er að setja á stofn inntökuteymi og endurhæfingarteymi og efla samstarf milli eininga innan SBH. Sú áhersla á endurhæfingu sem SBH vill bjóða er klárlega þjónusta sem vantar inn í þjónustukeðju stjórnvalda. Haldinn var fundur í vor með fulltrúa Heilbrigðisráðuneytis þar sem þessi breyting á starfsemi var kynnt og tók fulltrúi ráðuneytis vel í þær en gerði athugasemdir við fyrirkomulag stjórnar og að SBH yrði að vera með sjálfstæða stjórn. Það yrði krafa af hálfu ráðuneytis en næsta skref er að taka upp samtali við fagskrifstofu ráðuneytis. Von er á að ráðuneytið kalli SBH til fundar í október.

Porkell Sigurlaugsson tók til máls og ræddi um endurhæfingarmiðstöðina sem hefur verið á dagskrá að byggja en dregist vegna málaferla. Þórdís Þórisdóttir sagði að SBH myndi halda áfram að þróast og að töf á uppbyggingu myndi ekki tefja þær breytingar. Húsnæðið í Hátúni 12 er vissulega orðið gamalt en alls ekki ónothæft. Þegar kemur að samningagerð við Sjúkratryggingar Íslands mun framkvæmdastjóri SBH kalla til Samtök fyrirtækja í velferðapjónustu og jafnvel fleiri aðila eftir þörfum.

Fleiri fundarmenn tóku til máls og lýstu yfir ánægju með þessar breytingar og að það hafi alltaf verið markmið samtakanna að efla endurhæfingu. Einnig var rætt um húsnæðið og þörf á viðhaldi og upplýst var að búið sé að mála alla íbúaganga og sameiginleg rými.

### **Uppbygging á lóð Hátúns 12**

Porkell Sigurlaugsson óskaði eftir að fá að fara yfir kynningu vegna uppbyggingar á lóð Hátúns 12 í kjölfarið á umræðum í fyrri dagskrárlíð og var það samþykkt.

Porkell sagði frá uppbyggingaráformum Sjálfsbjargar um að byggja Landsmiðstöð. Gert var ástandmat á húsinu og ljóst að viðhald væri töluvert. Farið var yfir byggingaráform og þarfagreiningu. Einnig var rætt um málaferlin við Brynju sem snúa að skiptingu lóðar á milli Hátúns 10, 12 og 14 og að áhyggjur Brynju hússjóðs að uppbygging Sjálfsbjargar myndi kalla á einhæfa byggð.

Ósk Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar lsh. tók til máls og benti á mikilvægi þess að gerð sé góð þarfagreining og kostnaðargreining á framkvæmdinni. Formaður Bergur Þorri

Benjamínsson tók til máls og lagði áherslu á að stigið væri varlega til jarðar og lýsti yfir vonbrigðum með hlut Brynju hússjóðs í þessu máli. Þorkell lagði til að skipaður væri starfshópur um framhaldið og var því vísað til stjórnar.

Hádegismatur kl 12:23

Gestur mætti á fundinn Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir formaður kjörnefndar að kynna framboð.

### **Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár og næsta ár kynnt, rædd og afgreidd**

Ósk framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlanirnar. Spurt var um útgáfu á Klifri hvort það sé að standa undir sér. Eftir spurningar og umræður var fjárhagsáætlunin samþykkt einróma.

**Ákvörðun um árgjald** Ósk kynnti tillögu um óbreytt árgjald fyrir hvern féлага.

Fram komað tillaga hafi verið samþykkt að það ætti að vera sérstakur sjóður sem tryggir að landsbyggðarfólk fái þá gistingu og flugkostnað greiddan. Framkvæmdastjóri áréttaði aðlsh geri það. Árgjaldið var samþykkt.

### **Ályktanir, stefnumál og baráttumál kynnt, rædd og afgreidd**

Bergur kynnti.

Kjaramál – Fram kom viðbót við ályktuninna og samþykkt að stjórn útfæri hana í samræmi við umræðu á fundinum. Skilaboðin verði skýr einföldum kerfið.

Húsnæðismál – samþykkt – spurning kom upp hvort að rafmagn í innréttingu sé ekki niðurgreitt. En svo er ekki

Hjálpartækjamál – bæta við atvinnu í annarri málsgrein á eftir útivist. – samþykkt með því að bæta við atvinnu.

Samræma málfar og laga stafsetningu.

Nýtum það að það séu kosningar í mánuðinum.

### **Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar**

Engar lagatillögur bárust. Bergur kom með tillögu að stofnuð yrði nefnd og öll félög komi að því og var það samþykkt.

**Kosningar** Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir (Didda) formaður kjörnefndar kynnti niðurstöður kjörnefndar og hlutverk hennar, það er að sjá til þessa að það séu framboð í öll sæti sem kjósa skal.

Jón Heiðar Jónsson, Jón Eiríksson og Guðmundur Ingi Kristinsson hættu allir í stjórn.

Þakkir voru bornar fram að formanni kjörnefndar til allra þeirra sem hætta.

Þeir sem eru nýir í framboði

Margrét Lilja Arnheiðardóttir sem nýr varaformaður

Hrafnhildur Kristbjörnsdóttir sem nýr meðstjórnandi og Björk Sigurðardóttir sem annar varamaður og var hún kosinn til eins árs.

Formaður kjörnefndar lagði til að litið væri framhjá sólarlagsákvæði þar sem það væri úrelt miðað við að Landsfundir séu á hverju ári en ekki á tveggja ára fresti eins og áður var. Því

myndast skekkja þegar einstaka aðilar eru kjörnir til eins árs. Margrét S Jónsdóttir ritari og Guðni Simundsson meðstjórnandi voru kjörin til tveggja ára í senn og munu því sitja lengur en sex ár í stjórn.

Framkvæmdastjórn var kjörin með lófataki.

Kosning á milli Maríu Óskarsdóttur og Önnu Kristínar Sigvaldsdóttur í laganefnd.

María var kjörin í laganefnd með 15 atkvæðum gegn 14 atkvæðum til Önnu Kristínar, einn kjörseðill ógildur.

## Önnur mál

**Málaferli Brynju hússjóðs gegn Hátúni 12 og 14, ásamt Reykjavíkurborg Sveinn Guðmundsson lögmaður Sjálfsbjargar fór í gegnum stöðu á málaferlum Brynju gegn Reykjavíkurborg. Sjálfsbjörg og nú til viðbótar Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík.**

Málaferlin snúast um það hvort að þau skjöl sem hafa raðast inn í gegnum tíðina séu rétt um skiptinguna frá árinu 1966. Lóðarhafar lóðanna Hátún 10 og 12 gerðu með sér samkomulag um skiptingu á lóðinni í fyrst tvær stakar lóðir og seinna 3 stakar lóðir og er samþykkt á sínum tíma. Hins vegar láðist að þinglýsa því samkomulagi á sínum tíma og málið því ekki klárað. Í upphafi var ÖBÍ lóðarhafi en seinna færðust lóðirnar yfir til Brynju hússjóðs. Mikið hefur verið gert á lóð á Hátún 10 án aðkomu Sjálfsbjargar lsh en nú þegar Sjálfsbjörg lsh vill hefja uppbyggingu þá vill Brynja hafa um það að segja. Nýr dómari er kominn í málið sem tefur málið enn frekar. Ekki er vitað á hvaða vegferð Brynja hússjóður er. Fundarmenn spurðu Svein hvernig hann telji að málið muni falla og telur hann að Sjálfsbjörg lsh muni vinna þetta mál.

**Málefnaustarf og verkefni haust/vetur 2021-2022** Ósk kynnti þennan lið.

-Aðgengisfulltrúanámskeið lykill, myndbönd og námskeið lsh fékk mikið af fyrirspurnum og væri gott að félagsmenn gætu tekið út ýmsa staði. Námskeiðin verða haldin rafrænt.

-Sagði frá fjáröflunarnámskeiði sem verður í vetur og stjórn, starfsmenn og félagar allra félaga geta taka þátt. Markmiðið er að efla þekkingu landans á Sjálfsbjörg og efla fjáröflun samhliða.

-Samstarfsverkefni ferðamálastofu, húsnaðis- og mannirkjastofnun, Sjálfsbjargar og Öryrkjabandalag Íslands. Byrja á glististöðum og verður útbúið sjálfsmat sem eigendur/rekstraraðilar glististaða geti farið eftir á einfaldan hátt. Einnig verður útbúið fræðsluefni.

-Sagði frá Römpum upp Reykjavík en Sjálfsbjörg einn af stofnaðilum. Og er það verkefni að heppnast virkilega vel. Komnir eru 90 rampar og er það langt framúr væntingum þar sem 100 eiga að vera komnir í mars 2022.

-Samstarfssamningar Orku Náttúrunar um úttekt á hleðslustöðum.

-Samstarfsverkefni við MPM nema við Háskólan í Reykjavík, namarir aðstoðuðu við gerð kynningarefnis fyrir Sjálfsbjörgu sem kom sértaklega vel út.

-Tillaga Sjálfsbjargar að félögin taki þátt í Degi aðgengis þann 12. mars 2022. Þetta væri tilvalið landsverkefni þar sem öll félögin myndu vinna saman, taka út og skrá aðgengi í Travable appið. Skiptir máli að við séum sýnileg.

-Grétar Pétur Geirsson leggur til að gerður verði aðgengisdagur sem er á afmæli Sjálfsbjargar sem er í 27. júní, sem er afmældisdagur Sjálfsbjargarfélags hreyfihamlaðra á höfuðborgarsvæðinu, ár hvert þá yrði aðgengi gott um land allt.

-Norðurlandaráðsefna Nordisk Handikapp Forbund verður haldinn í Kaupmannahöfn í nóvember 2021. Áætlað er að framkvæmdastjóri go formaður fari á ráðstefnuna. Haraldur Þorleifsson mun einnig vera með erindi um Römpum upp Reykjavík á ráðstefnunni.

-Guðríður skorar á Reykjavíkurborg að laga aðgengi á Laugarvegi og Skólavörðustíg.

**Tillaga til landsfundar, Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu** Sjá lið undir framtíð Sjálfsbjargarheimilisins

## Önnur mál

-Sævar vildi fá að sjá gögn sem eru til um hvaða lagabreytingar væru komnar, ekkert formlegt komið á blað.

-Deildir innan sjálfsbjargar, hvernig sjá félagin það séð fyrir sér.

Bergur svara að það séu bara hugmyndir sem ekki eru lagðar fram. Lsh er ekki að fara að yfirtaka neitt og þarf að útfæra þetta vel ef þetta verður að veruleika hjá minni félögum. Mun taka að sér að endurskoða reikninga fyrir minni félögin.

-Rætt um hvort félgö ættu að fá hluta af styrkjum ÖBÍ og hluta happdrættis. Það er eitthvað sem þyrfti að skoða.

-Síðasti fundur var að sögn Sævars ekki góður þar sem hann var á fjarfundi og setti út á fundarstjórnuna.

-Gréta Pétur benti á að meðalaldur sé á réttri leið.

Formaður fékk lokaorðið. Hann benti á að ÖBÍ veitti 19 aðilum viðurkenningar á 60 ára afmæli Öryrkjabandalags Íslands og fengu 6 Sjálfsbjargarfélagar viðurkenningu.

María Óskarsdóttir

Grétar Pétur Geirsson

Frímenn Sigurnýjasson

Guðríður Ólafs Ólafíudóttur

Guðbjörg Kristín Eiríkssdóttir

Guðmundur Magnússon

Fundurinn fagnaði þessum Sjálfsbjargarfélögum með lófataki.

Að svo búnu þakkaði formaður fundarmönnum fyrir góða fundarsetu og sleit landsfundi.

**Slit landsfundar kl 15:25**